
STÆKKUN FLÆÐIGRYFJA Á GRUNDARTANGA

Ákvörðun um matsskyldu

Inngangur

Þann 9. desember 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Elkem Ísland og Norðuráli um fyrirhugaða stækkun flæðigryfja á hafnarsvæði Grundartanga í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 og 11.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Hvalfjarðarsveitar, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Útvíkkun á flæðigryfjum á hafnarsvæði við Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Fyrirspurn um matsskyldu framkvæmdar. Norðurál, Elkem og Mannvit, desember 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 27. febrúar 2017.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 4. janúar 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 18. janúar 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. janúar 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 19. janúar, 24. janúar, 31. janúar og 9. og 20. mars 2017.

Fyrirhuguð framkvæmd

Forsaga

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt starfsleyfum Elkem og Norðuráls sé þeim heimilt að losa hluta af framleiðsluúrgangi í flæðigryfjur við höfnina á Grundartanga. Flæðigryfjurnar sem nú séu notaðar séu samliggjandi og hafi verið teknar í notkun árið 2013. Þær séu hluti af stærri flæðigryfju sem skipt sé upp með hnitsetningu til afmörkunar á losunarsvæðum fyrir hvort fyrirtæki. Fyrir þann tíma hafi úrgangur verið losaður í aðrar flæðigryfjur austar á hafnarsvæðinu. Árið 2012 hafi verið reiknað með að flæðigryfjurnar sem nú séu í notkun, endist í að minnsta kosti 12 ár. Nú er fyrirsjáanlegt að þær endist einungis í 2-3 ár til viðbótar. Helstu ástæður skemmri endingartíma en ráðgert hafi verið séu þær að magn í gryfjurnar hefi verið meira en áætlanir gerðu ráð fyrir auk þess sem rúmmál gryfjanna sé minna en áætlað var.

Fram kemur að það svæði sem fyrirhugað er að nýta til urðunar sé landmegin við núverandi urðunarsvæði. Framkvæmdirnar hafi ekki í för með sér landvinninga til sjávar. Svæðið sé tæplega 1 ha að flatarmáli og rúmi um 60 þúsund rúmmetra af fyllingarefni. Gert sé ráð fyrir að fyrirhuguð stækkun muni duga fyrirtækjunum u.þ.b. út árið 2021.



Urðun Norðuráls

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt starfsleyfi sé Norðuráli heimilt að koma sérstökum föstum úrgangi fyrir í flæðigryfjum. Slíkur úrgangur sé að mestu leyti kerbrot frá framleiðslunni en einnig óendurnýtanlegur málmSORI, kola- og súrálSryk og byggingarefni. Árleg meðaltalslosun í flæðigryfjum er um 11.000 t en magnið er breytilegt milli ára einkum vegna mismikils fjölda kerja sem endurnýjuð eru hverju sinni.

Urðun Elkem

Fram kemur að samkvæmt starfsleyfi sé Elkem heimilt að urða eftirfarandi aukaafurðir í flæðigryfjum með útskolun efna í sjó, enda sé styrkur mengunarefna ekki umfram viðmiðanir í reglugerðum: kögglað kísilryk, vætt forskiljuryk, magnesíumoxíð ryk, set úr setþróM, föst efni frá síustöðvum, gjall og málmleif, þar með talið gjall frá málmhreinsun, uppsóp og fínefni af hráefnum og framleiðslu sem og fóðringar og eldföst efni. Árleg losun Elkem í flæðigryfjum hefur verið á bilinu 3.500-5.000 t. Magnið sveiflast milli ára eftir framleiðslu. Að auki falla til um 12.000 t af kvarsí á ári en kvars er algeng bergtegund sem sé losuð í efsta lag flæðigryfju.

Umhverfisáhrif

Í greinargerð Elkem og Norðuráls var horft til reynslu af rekstri núverandi flæðigryfja á svæðinu. Vitað sé að sigvatn frá gryfjunum geti verið mengað efnum sem geti verið skaðleg vatnalífriki. Við fyllingu kerbrota í gryfjum sem þessar sé skeljasandur settur á milli laga. Með aðstoð skeljasandsins hvarfist uppleyst efni í sjó við málma og sýaníð úr kerbrotum. Vöktun undanfarinna ára hefur leitt í ljós að framangreind meðhöndlun hlutleysi óæskileg efni í kerbrotunum og geri þau óskaðleg. Þegar losun í núverandi gryfjum ljúki muni styrkur mengandi efna í sigvatni minnka smám saman og verða að engu þegar hlutleysing hefur að fullu átt sér stað. Með útvíkkun flæðigryfjanna muni útskolun einnig eiga sér stað þar. Ekki er um að ræða aukningu á menguðum efnum sem geti borist með sigvatni heldur sé um tilfærslu frá núverandi gryfju að ræða.

Fram kemur að með útvíkkun núverandi flæðigryfja sé ekki verið að ráðast í neina breytingu á fyrirkomulagi losunar í flæðigryfju og þeirri starfsemi sem felist í rekstri gryfjanna. Svipað magn frá rekstri iðjuveranna verði losað í gryfjurnar árlega og gert hafi verið undanfarin ár. Einungis sé um að ræða stærra svæði undir flæðigryfjum. Sama fyrirkomulag verði á losun í gryfjurnar og þær verði áfram afmarkaðar frá annarri losun.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands kemur fram að ekki eigi að urða efni í flæðigryfjum sem hægt væri að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að förgun úrgangs af því tagi sem hér sé um að ræða í flæðigryfjum geti varla talist til langtímalausnar. Úrgangurinn innihaldi m.a. þungmálma sem safnist upp og geti haft óafturkræf áhrif á umhverfið til framtíðar. Urðunarstað fyrir förgun úrgangs eigi að staðsetja þar sem minni hættu sé á að mengunarefni berist út í umhverfið og þar sem unnt sé að koma við viðeigandi mengunarvörnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirtækin hafi eingöngu losað efni í flæðigryfjum sem fellur undir heimild í starfsleyfum þeirra. Fyrirtækin eru sammála því að ekki ætti að urða efni í flæðigryfjum sem unnt er að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað.

Í umsögn Hvalfjarðarsveitar kemur fram að tryggja þurfi að allur farmur sem fluttur sé að flæðigryfjunum sé varinn bæði í flutningi og við losun, þannig að ekkert efni losni í andrúmsloft, hvorki í flutningi né við losun í gryfjurnar. Einnig þurfi að tryggja að einungis sá úrgangur sem starfsleyfi heimilar sé losaður í flæðigryfjurnar.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reynt sé að takmarka losun í andrúmsloft við flutninga í flæðigryfjur sbr. ákvæði þess efnis í starfsleyfi. Ekki sé hægt að fullyrða að losunin sé engin en verði einhver frávik er tilkynnt um þau til Umhverfisstofnunar eins og skylt er samkvæmt starfsleyfi. Fyrirtækin fylgi skýru verklagi um hvaða úrgangi er skilað í gryfjurnar og tegund úrgangs í hverjum farmi er skráður af vaktmanni.

Grunnsævi

Fram kemur að vöktunaráætlun sé í gildi fyrir svæðið þar sem m.a. er ákvæði um vöktun við flæðigryfjur. Fylgst er með styrk nokkurra efna í sjó. Þau helstu eru: sýaníð, kopar, sínk, króm, nikkell, blý, vanadíum, arsen, ál, járn, fosfór og flúor. Til að vakta möguleg áhrif flæðigryfja séu 10 mælistaðir utan við flæðigryfjurnar. Sjósýni séu tekin á þessum stöðum en einnig eru tekin viðmiðunarsýni í miðju Hvalfjarðar á sama tíma. Viðmiðunarstaðirnir eru valdir með tilliti til þess að þar gæti ekki áhrifa frá flæðigryfjunum og hafnarsvæði vegna legu strauma í Hvalfirði þar sem sjór flæðir inn fjörðinn að sunnanverðu og út að norðanverðu. Núverandi vöktun hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á grunnsævi af völdum losunar í flæðigryfjur og er ekki ástæða að ætla að það breytist við útvíkkun núverandi flæðigryfja. Ekki sé þörf á að breyta þeirri vöktunaráætlun sem nú sé unnið eftir þar sem fyrirhuguð útvíkkun er innan við núverandi flæðigryfjur.

Botndýr

Fram kemur að styrkur PAH-efna, snefilefna og þungmálma sé mældur í kræklingi. Mælingar á kræklingi fari fram þriðja hvert ár þar sem mælt er magn PAH-18 sambanda og snefilefna/þungmálma í mjúkvef. PAH sé mælt í sjávarseti sem safnað er neðan við hverja kræklingalögn á stöðvum og á viðmiðunarstað. Núverandi vöktun hafi ekki leitt í ljós neikvæð umhverfisáhrif á dýralíf af völdum losunar í flæðigryfjur og sé ekki ástæða til að ætla að það breytist með útvíkkun núverandi flæðigryfja. Ekki sé þörf á að breyta þeirri vöktunaráætlun sem nú sé unnið eftir þar sem fyrirhuguð útvíkkun er innan við núverandi flæðigryfjur.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að engin gögn séu birt sem styðji þá ályktun skýrslunnar að mengun sé innan marka.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrif iðnaðarsvæðisins á Grundartanga á lífríki sjávar hafi verið metin í gegnum árin með því að rækta krækling í búrum á grunnsævi meðfram strandlengjunni og á viðmiðunarstað austan við Katanes. Kræklingur sé öflugur síari sem taki upp lífrænar fæðuagnir og þar með þau mengunarefni sem aðgengileg séu lífverum í sjó og safni þeim í vefi og skel. Þau efni sem séu mæld í mjúkvef kræklinga eru: arsen, kadmíum, kopar, sínk, króm, nikkell, kvikasílfur, selen, blý, vanadíum, ál, járn, flúor og 18 fjölarómatísk vetniskolefni (PAH efni). Í umhverfisvöktunarskýrslu frá árinu 2013 komi fram að niðurstöður mælinga þess árs séu svipaðar eða lægri í samanburði við rannsóknir árána 2000, 2004, 2007 og 2011.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að þegar litið sé til niðurstöðu núverandi umhverfisvöktunar komi í ljós að vel flest mengun sé innan marka, samkvæmt sýnum sem tekin hafi verið í flæðigryfjum og úr kræklingi. Þó mælist sínk og kopar á tveimur stöðum í flæðigryfjum og kadmíum, kopar og selen í kræklingi nálægt viðmiðunarmörkum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í mælingum frá árinu 2011 hafi sínk og kopar mælist í þeim styrk að sjórinn féll í umhverfismörk III á tveimur mælistöðvum af 10. Aðrar mælingar hafi gegnum árin verið innan umhverfismarkna I og II sem bendi til lítillar eða engrar hættu af áhrifum.

Ásýnd

Fram kemur að landfyllingin muni ekki rísa hátt þegar gryfjurnar séu orðnar fullar og verði ekki áberandi. Aðrar byggingar sem fyrirhugaðar séu á svæðinu samkvæmt deiliskipulagsgögnum verði mun meira áberandi en flæðigryfjurnar og landfyllingin sem þær myndi að lokum. Af því leiði að



ásýndarbreytingar verði meiri af þeim mannvirkjum sem staðsett verði á iðnaðarsvæðinu ofan hafnar.

Hvalfjarðarsveit, Hafrannsóknastofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands og Umhverfisstofnun álíta að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif eða skuli ekki matsskyld.

Skipulag og leyfisveitingar

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Hvalfjarðarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag fyrir starfsemina.

Niðurstaða

Um er að ræða stækkun flæðigryfja til áframhaldandi urðunar Elkem og Norðuráls við Grundartangahöfn í Hvalfjarðarsveit. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 og 11.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á losun þungmálma til sjávar sem skolist úr þeim framleiðsluúrgangi sem fyrirhugað er að urða í flæðigryfjum.

Skipulagsstofnun tekur undir það sem kemur fram í umsögnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Umhverfisstofnunar. Annars vegar um að ekki skuli urða efni í flæðigryfjum sem hægt væri að nota í landfyllingar eða koma fyrir á hefðbundnum urðunarstað og hins vegar að urðun í flæðigryfjum geti vart talist framtíðarlausn. Á þetta er bent í ljósi þess að framhald þeirrar urðunar sem Elkem og Norðurál boða dugir í skamman tíma eða út árið 2021. Það er því tímabært að fyrirtækin hugi að framtíðarlausnum sem unnt er að grípa til þegar flæðigryfjurnar eru fullnýttar. Til að tryggja að vel sé farið með það rými sem ætlað er til urðunar er brýnt að þar sé ekki fyllt með t.d. jarðefnum svo endingartími flæðigryfjanna takmarkist ekki enn frekar.

Skipulagsstofnun telur að ekki sé verið að ráðast í umfangsmikla breytingu á fyrirkomulagi losunar í flæðigryfju. Svipað magn frá rekstri iðjuveranna verður losað í gryfjurnar árlega og verið hefur undanfarin ár. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og bendir á að urðun í flæðigryfjum hefur í för með sér áframhaldandi losun þungmálma sem safnast upp og getur haft neikvæð áhrif á umhverfið til framtíðar. Ekki er einungis um að ræða stærra svæði undir flæðigryfjum heldur mun heildarmagn þungmálma sem berst frá flæðigryfjunum vaxa áfram. Þungmálmar eyðast ekki þó svo að uppsöfnun þeirra í sjósýnum hafi ekki mælst merkjanleg við vöktun á liðnum árum.

Skipulagsstofnun telur að þau áform sem hér eru til umfjöllunar til skamms tíma séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Elkem og Norðuráls við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð útvíkkun á flæðigryfjum við Grundartangahöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Elkem og Norðurál og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og



vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 25. apríl 2017.

Reykjavík, 23. mars 2017

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigurður Ásbjörnsson